

Eyjafjarðarsveit
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 12. apríl 2018
UST201803-364/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012 - 2024 - Glæsibær - breyting

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 22. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar í landi Glæsibæjar.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið í landi Glæsibæjar er í núgildandi aðalskipulagi að mestu skilgreint sem skógræktar- og landbúnaðarsvæði. Einnig kemur fram að áætlað er að skilgreina stærra svæði skilgreint sem samfélagssvæði fyrir Glæsibæjarkirkju.

Markmið breytinga

Í lýsingu kemur fram að helstu markmið áætlaðra breytinga er að auka framboð íbúðarlóða í sveitarfélaginu og gera ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu þar sem áður var skógræktar- og landbúnaðarsvæði.


Skipulag við vötn, sjó og ár


Þar sem áætluð íbúðabyggð liggur að sjó minnir Umhverfisstofnun á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 þar sem fjallað er um skipulag við vötn, ár og sjó, kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð deiliskipulags sé gert ráð fyrir aðgengi almennings meðfram sjó til útivistar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemd við hana.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur